

22. febrúar, 2024

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla, 154. löggjafarþing, þingskjal nr. 87

nefndasvid@althingi.is

Sendandi: Félag læsisfræðinga á Íslandi (FLÍS)

Samkvæmt greinargerð með þingsályktunartillögunni er tillagan nú lögð fram í þriðja sinn óbreytt. Vekur það furðu þar sem veittar voru efnismiklar og góðar umsagnir um alla liði tillögunnar haustið 2022 (<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/154/87/?ltg=154&mnr=87>) af rannsakendum á sviði læsis, samtökum innan Kennarasambandsins, fagfélögum og öðrum stofnunum sem vinna að eflingu læsis á Íslandi. Þar var, meðal annars, bent á alvarlega annmarka á fræðilegum undirstöðum, aðferðafræði við framkvæmd og mat á árangri verkefnisins *Kveikjum neistann*. Bent var á að verkefnið hefði verið tekið út fyrir sviga af hálfu stjórnvalda þar sem það fór ekki í gegnum umsóknarferli samkeppnissjóða eða opinbert útboðsferli og að rannsóknaráætlun eða aðrar fræðilegar forsendur þess ekki verið metnar af til þess bærum aðilum. Er það gagnrýniverð og ekki í anda þess að almannafé sé nýtt til þess að ávarpa nauðsynlegar og heildstæðar umbætur í menntakerfinu með jafnræði allra nemenda í huga. Vill stjórn FLÍS hvetja flutningsmenn tillögunnar að kynna sér efni umsagnanna vel áður en tillagan verður mögulega lögð fram í fjórða sinn.

Að þessu sögðu stendur stjórn FLÍS við fyrri umsögn sína um þingsályktunartillöguna með örlitlum breytingum:

a. Að leggja áherslu á bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu.

Nú þegar er hljóðaaðferð kennd í mörgum ef ekki flestum grunnskólum landsins þó ekki liggi fyrir nauðsynlegar rannsóknir um gæði, framkvæmd og árangur af þeirri kennslu. Það er einnig mikil einföldun að telja nóg að leggja áherslu á bókstafa-hljóðaaðferð (alla jafnan kölluð hljóðaaðferð) við upphaf formlegs lestrarnáms til þess að efla árangur í læsi, fleira þarf að koma til eins og bent er á í öðrum umsögnum um þingsályktunartillöguna. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að það er ekki hlutverk aðalnámskráa að tíunda eða binda hendur kennara við val á kennsluaðferðum.

b. Að innleiða í stað leshraðamælinga stöðumat með bókstafa-hljóðaaðferð, lesskilningspróf og mat á skriflegum texta.

Það mat sem hér er kallað leshraðamæling er mæling á sjálfvirkni lestrar sem er hluti af lesfimi. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á mikilvægi fimi í lestri og má þar helst nefna afskaplega yfirgripsmikla rannsókn National Reading Panel frá árinu 2000 sem og fjölda nýrri rannsókna. Skortur á fimi í lestri hindrar lesskilning vegna þess að hugræn færni beinist að lestrinum sjálfum og því reynist flókið að einbeita sér að merkingunni. Lesfimi hefur verið kölluð brúin frá umskráningu að lesskilningi og tengsl lesfimi og lesskilnings hafa komið fram í miklum fjölda rannsókna (Duke og Cartwright, 2021; Rasinski, 2004; Baker o.fl., 2008; Pikulski og Chard, 2005; Stoolmiller o.fl., 2013; White o.fl., 2021; Wise o.fl., 2010).

Af þessu má vera ljóst að upplýsingar um stöðu lesfimi nemenda eru ákaflega mikilvægar. Að hætta mælingu á sjálfvirkni og nákvæmni lestrar, og innleiða óstaðlað og lítt þekkt stöðumat í lestri, sýnir skort á þekkingu á málefnum. Nærtækara væri að efla útgáfu vandaðra, staðlaðra prófa sem veita kennurum upplýsingar um stöðu allra þátta læsis hjá nemendahópnum, hjálpa kennurum að finna

nemendur í vanda og gera þeim kleift að taka ákvarðanir um næstu skref í kennslu með tilliti til fjölbreytts nemendahóps. Vill stjórn FLÍS brýna flutningsmenn tillögunnar að beita sér fyrir því að ný stofnun, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, fái nauðsynlegt fjármagn til að sjá skólakerfinu fyrir góðum matstækjum í gegnum nýtt matstækjasafn, Matsferil.

C. Að leggja áherslu á að hver nemandi fái áskoranir miðað við færni.

Þetta atriði er þegar bundið í lög þar sem kveðið er skýrt á um að „allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan“ (Lög um grunnskóla frá, 2008/91, 13. grein). Það er sjálfsagt að skoða hvernig til hefur tekist með framkvæmd þessa lagaákvæðis og með hvaða hætti það birtist í íslensku skólasterfi.

Stjórn FLÍS hefur fullan skilning á því af hvaða rótum þessi þingsályktunartillaga er runnin og tekur undir áhyggjur flutningsmanna hennar af stöðu læsis íslenskra barna. Niðurstöður PISA 2022 ýta enn frekar undir þær áhyggjur sem undirstrika að ekki verður lengur við unað og að grípa þarf til róttækra aðgerða. Það er hins vegar mikilvægt að þær aðgerðir byggi ekki á takmarkaðri reynslu af einu þróunarverkefni sem hefur ýmsa aðferðafræðilega annmarka, heldur á víðtæku samstarfi stjórnvalda, sérfræðinga og hagsmunaaðila. Leggur FLÍS til að farið verði í slíkt samstarf sem fyrst.

Guðbjörg R. Þórisdóttir, formaður FLÍS og læsisráðgjafi hjá MMS
Auður Björgevinsdóttir, varaformaður FLÍS, doktorsnemi og aðjúnkt við HÍ
Bjartey Sigurðardóttir, ritari FLÍS, talmeinafræðingur og verkefnastjóri hjá Hafnarfjarðarbæ
Sonja Dröfn Helgadóttir, gjaldkeri FLÍS og deildarstjóri stoðþjónustu við Húnaskóla
Kristín Fjóla Bergþórsdóttir, meðstjórnandi FLÍS og grunnskólakennari við Öldutúnnsskóla

Heimildir

- Baker, S. K. o.fl. (2008). Reading fluency as a predictor of reading proficiency in low-performing, high-poverty schools. *School Psychology Review*, 31(1), 18-37.
- Duke, N. K. og Cartwright, K. B. (2021). The science of reading progresses: Communicating advances beyond the simple view of reading. *Reading Research Quarterly*, 56, 25-44.
- Pikulski, J. J. og Chard, D. J. (2005). Fluency: Bridge between decoding and reading comprehension. *The Reading Teacher*, (58(6), 510-5. [doi:10.1598/RT.58.6.2](https://doi.org/10.1598/RT.58.6.2)
- Rasinski, T. (2004). Assessing reading fluency. *Pacific Resources for Education and Learning (PREL)*
Sótt af <https://eric.ed.gov/?id=ED483166>
- Stoolmiller, M. o.fl. (2013). Measurement properties of DIBELS oral reading fluency in grade 2: Implications for equating studies. *Assessment for Effective Intervention*, 38(2), bls. 76-90.
[doi:10.1177/1534508412456729](https://doi.org/10.1177/1534508412456729)
- White, T. G., Sabatini, J. P. og White, S. (2021). What does „Below basic“ mean on NAEP reading? *Educational Researcher*, 50(8), 570-57. doi.org/10.3102/0013189X211044144
- Wise, J. C. o.fl. (2010). The relationship between different measures of oral reading fluency and reading comprehension in second-grade students who evidence different oral reading fluency difficulties. *Language, Speech, and Hearing Services in Schools*. 41(3), 340-348.
DOI:[10.1044/0161-1461\(2009/08-0093\)](https://doi.org/10.1044/0161-1461(2009/08-0093)